# Greinargerð G. B. fyrir máli Björns Gíslasonar 1929-1930, gjaldþrotamál

Bjarni Benediktsson Greinargerð G. B. fyrir máli Björns Gíslasonar 1929-1930, gjaldþrotamál

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-4, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Greinargerð sinni fyrir máli B.G. í nóv. 1929 lýkur G.B. með þessum orðum:
„...; og verður þessvegna þýðingarlítið að mér virðist að láta málið ganga ~~...~~ [hvatt inn með öðru og nýlegra bleki] til dóms úr. Einnig finnast hvergi ekki refsingar, þó þau standi ekki í skilum. Framkoma lögreglustjóra í málinu virðist óaðfinnanleg.
G.B".

Fremst á greinargerðinni, sem er löng og ítarleg stendur þetta: „Ég hefi átt tal við lögreglustjóra um þetta mál. Hefir hann sagt mér, að úrskurði lögmanns um gjaldþrot Hansínu Ingu Pétursdóttur hafi verið áfrýjað. Ég sé ekki að kona þessi verði sökuð um annað en lélega bókfærslu, og þá annaðhvort um brot gegn [illegible]-lögunum — sem sé ef gjaldþrotaúrskurðurinn stendur óhaggaður í Hæstarétti — eða þá að öðrum kosti, um lítilfjörlegt lögreglubrot. Björn Gíslason er ekki enn sem komið er sannur að sök um lögbrot, en telji lögr.stjóri líklegt að sannað verði á hann að hann hafi tekið vörur að láni án þess að ætla að borga þær, þá heldur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann auðvitað rannsókn áfram um það.- Jeg vil að lögr.stjóra sé skrifað og honum tjáð, með skírskotun til viðtals, að ráðun. telji frekari aðgerðir gegn H.G.P. mega bíða uns útgert er um gjaldþrot hennar, en að þá sé rétt að lögr.stj. athugi mál hennar á ný. Matt: um leið geta þess, að ef lögr.stj. telji líklegt, að B.G. hafi með lántökum sínum framið lögbrot, og unt muni að upplýsa það, þá sé auðvitað rétt og skylt að rannsaka það mál nánar.

16/11-'29. J.Jób."

Efst á bls., öfugt, hefur Jónas Jónsson skrifað:

„Samþ.

skrifstofustjóra G.Jós."

Í samræmi við þetta skrifar svo ráðuneytið til lögreglustjórans í Rvík. 29. nóv. 1929. [Db.8 Nr 812.]: „Eftir móttöku bréfs yðar, dags. 4. þm., sem fylgdi útskrift af prófum, sem haldin hafa verið út af gjaldþroti Hansínu Ingu Pétursdóttur og athöfnum Bjarnar Gíslasonar, skal yður, með skírskotun til viðtals, tilkynt, að ráðuneytið telur frekari rannsókn gegn Hansínu Ingu Pétursdóttur megi bíða uns skorið hefir verið úr um gjaldþrot hennar: Hentast þætti, en þá er rétt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að málið sé athugað á ný. Ennfremur er rétt og skylt að rannsaka nánara viðskiftagjörninga Bjarnar Gíslasonar, ef þér teljið að hann með lántökum sínum hafi framið lögbrot og að unt sé að upplýsa það.

F. h. r."

19. sept. 1930 skrifar ráðuneytið aftur til lögreglustjórans í Reykjavík: [Db 8 No 812]

„Með ~~skírskotun~~ tilvísun til bréfs yðar dags. 29. nóv. f. á. varðandi rannsókn á gjaldþroti Hansínu Ingu Pétursdóttur, þar sem ráðuneytið tilkynnti yður, herra lögreglustjóri, að rétt væri að láta frekari rannsókn í nefndu búi bíða uns skorið væri úr um gjaldþrot hennar í Hæstarétti, skal yður hérmeð tjáð með tilvísun til samtals, að með því að rannsókn þessa máls hefur legið mjög lengi niðri og dómur er enn þá ekki fallinn í Hæstarétti álítur ráðuneytið, að mál þetta megi ekki dragast lengur og er þar vegna hérmeð lagt fyrir yður að taka málið til rannsóknar."

J. J.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur